



# Morgunblaðið



**10. NÓVEMBER**



Morgunblaðið/Eggert

Bærinn ber enn skýr merki um hamfarirnar, ekki síst þegar hann er litinn augum úr lofti. Náttúran tók enda hamskiptum þennan föstudag fyrir ári, þegar landið suður af Sundhnúkagígum tók að glíðna og síga.

# Hamfarirnar engu öðru líkar

- Þúsundir jarðskjálfta riðu yfir Grindavík áður en gripið var til rýmingar að kvöldi föstudagsins 10. nóvember
- Stór hluti Grindvíkinga þoldi ekki við og börn voru skelfingu lostin ● Rýming bæjarins var ekki á dagskrá

Skúli Halldórsson  
sh@mbl.is

„Neyðarstigi verður lýst yfir í Grindavík og bærinn verður rýmdur.“ Á þessum orðum hefst frétt sem birt var á mbl.is klukkan 23.01, fyrir einu ári, föstudaginn 10. nóvember.

Á undan höfðu gengið hamfarir sem eiga engan sinn líka í nútímasögu Íslands. Áður en lengra er haldið er rétt að rifja upp aðdragandann og atburðarásina þennan dag.

Landris hefst nærri Svartsengi miðvikudaginn **27. október** í kjölfar mjög ákafrar jarðskjálftahrinu. Hundruð skjálfta verða á degi hverjum nærri Grindavík næstu daga.

Mánudaginn **6. nóvember** greinir Morgunblaðið frá því að líkur á öflugra gosi við Svartsengi aukist, eftir því sem þrýstingur haldi áfram að byggjast upp í geymsluhölf kvikunnar á 4-5 kílómetra dýpi.

Magnús Tumi Guðmundsson jarðeðlisfræðingur segir að kvikusöfnunin sé bæði hraðari og meiri undir Svartsengi en áður hafi verið. Talið er að svokölluð kvikusylla sem myndast hafi við Þorbjörn sé um einn metri að þykkt og um sex milljón rúmmetrar að stærð.

Víðir Reynisson sviðsstjóri almannavarna segir að í janúar 2020 hafi verið útbúnað áætlanir til að forða almenningi frá hættum. Rýmingaráætlanir hafi verið gerðar og þær uppfærðar reglulega. „Okkar mat er að við séum ágætlega undirbúin og við verðum betur undirbúin með hverjum deginum sem líður,“ segir Víðir á upplýsingafundi almannavarna síðdegis þennan dag.

Hann tekur fram að ekki verði gripið til rýmingar nema fólk verði í hættu. Verstu sviðsmyndirnar segir hann gefa til kynna að nægur tími verði til að rýma, bæði í kringum Svartsengi og í Grindavík.

Fannar Jónasson bæjarstjóri Grindavíkur segir mikinn ótta sækja að bæjarbúum vegna jarðhræringanna. „Við treystum því áfram að fenginni reynslu að vísindamenn – þeir gera sitt allra besta til að búa okkur undir það sem kann að vera í vændum,“ segir Fannar.

## Lögregla og íbúar Grindavíkur hafa áhyggjur

Þriðjudaginn **7. nóvember** er boðað til íbúafundar í Grindavík síðdegis. Þangað mæta sérfræðingar og einnig fulltrúar björgunarsveitarinnar Þorbjarnar, Grindavíkurbæjar og Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja. Fjölmöldum er meinaður aðgangur og því ekki hægt að greina frá því hvað þar fer fram.

Lögrelustjórinn Úlfar Lúðvíksson segist í samtali við mbl.is hafa persónulegar áhyggjur af öryggi gesta í Bláa lóninu.



Morgunblaðið/Eggert

## Hjúkrunarheimilið Víðihlíð laskaðist stórlega við hræringarnar.

Í fréttum ríkisútvarpsins kvöldið áður hafði Úlfar sagt það óábyrgt að halda úti starfsemi á ferðamannastaðnum.

„Við erum á óvissustigi, það kæmi fyrst til rýmingar á hættustigi. Það breytir því ekki að lögrelustjórinn getur haft af þessu ákveðnar áhyggjur,“ segir hann, spurður hvort hann telji þörf á að rýma staðinn. Sjálfur kveðst hann ekki myndu fara ofan í lónið.

## Gestirnir komu hlaupandi út í geðshræringu

Miðvikudaginn **8. nóvember** er haldinn upplýsingafundur í Hljómahöll í Reykjanesbæ. Fundargestir sem blaðamaður mbl.is ræðir við eru misáhyggjufullir en flestir byrjaðir að gera ráðstafanir.

Að fundinum loknum segir Kristín Jónsdóttir, deildarstjóri á Veðurstofnunni, í samtali við mbl.is að þótt landrisið sé meira við Þorbjörn en áður hafi sést, þá sé langlíklegast að því ljúki án þess að til eldgoss komi.

Til tíðinda dregur strax um nóttina, aðfaranótt **9. nóvember**, þegar kröftug jarðskjálftahrinu hefst upp úr miðnætti. Tugir óttasleginna gesta vilja komast í burtu frá Bláa lóninu og eru leigubílstjórar sendir út til að ferja þaðan að minnsta kosti fjórútu gesti.

Leigubílstjóri segir að gestirnir hafi verið í mikilli geðs-

hræringu og komið hlaupandi út að leigubifreiðinni. Grjót hafi hrunið á veginn.

Stærsti skjálfti þessarar hrinu riður yfir kl. 00.46 og mælist 5 að stærð. Voru upptök hans rétt vestur af Þorbirni.

Greint er frá því á mbl.is um nóttina að Grindvíkingar eigi margir erfitt með að festa svefn eftir að hrinan hófst. Bregða einhverjir á það ráð að keyra um bæinn og nágrenni til að finna síður fyrir skjálftunum.

Sérfræðingur Veðurstofunnar ræðir við mbl.is að morgni og segir of snemmt að segja til um hvaða þýðingu þessi aukna virkni hafi. „Sérfræðingarnir munu hafa nóg að gera þegar þeir mæta til vinnu.“ Dreigið hefur verulega úr hrinunni.

## Kvíði á meðal barna og óttast að hús eyðileggist

Ákveðið er snemma morguns að loka Bláa lóninu í heila viku og tekið fram að meginástæður þessa séu truflun á upplifun gesta um nóttina og langvarandi aukni álag á starfsmenn.

„Í rauninni ákváðum við þetta í nótt þegar þessi hörðu skjálftar riðu yfir í þessum mikla mæli,“ segir framkvæmdastjórinn Helga Árnadóttir í samtali við mbl.is fyrir hádegi. Gestir hafi eðlilega verið uggandi en flestir þó yfirvegaðir.

„Það var ekki mikið sofð í nótt,“ segir Lilja Ósk Sigmarsdóttir, íbúi í Grindavík, sem birtir upptöku af hljóðunum sem fylgdu stórum skjálfta um nóttina. „Þetta var svona það versta. Það komu svo margir snarpir stórir skjálftar í röð.“

Þeir sem reka hótelið Northern light inn í Svartsengi feta í fótspor Bláa lónsins og ákveða að loka því tímabundið. „Við ætlum að taka okkur pásu í viku,“ segir eigandinn Friðrik Einarsson.

Greint er frá því síðdegis að litlar sprungur hafi myndast í yfirborði Grindavíkurveggar. Sprungurnar eru innan við sentimetrar að breidd en sumar eldri sprungur hafa stækkað. Er þar sagðar ekki eiga að hafa áhrif á burðargetu vegarinn.

Andrea Ævarsdóttir, forstöðumaður á bókasafninu í Grindavík, segir mbl.is að hún hafi orðið vör við aukinn kvíða á meðal barnanna. Spennustigið sé hátt, börnin uppstökkari og slagsmál hafi brotist út. Yngri sonur hennar hafi áhyggjur af því að húsið þeirra gæti eyðilagst í jarðskjálfta og þau sætu uppi heimilislaus.

„Maður býr sig undir það versta og vonar það besta,“ segir Njarðvíkingurinn Stefán Sturla, en hann og eiginkona hans höfðu tekið grindvísk barnabörn sín í gistingu um miðja nótt, þar sem börnin voru orðin verulega skelkuð vegna skjálftanna.

► SJÁ SÍÐU 4

**Fólkið  
er  
okkur  
allt**

Við erum þakklát starfsfólki okkar og öllum þeim sem gert hafa okkur kleift að halda stefnunni í gegnum mestu náttúruhamfarir aldarinnar.



Visirhf.is





Kæru Grindvíkingar  
*við sendum ykkur*  
*góðar kveðjur*







Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

Þegar ljóst varð upp úr klukkan tíu um kvöldið að rýma þyrfti bæinn hringdi Víðir í Fannar bæjarstjóra og upplýsti hann um þær grunsemdir sem voru uppi um kvikugang undir bænum.

Athygli vakti á samkomustundinni sem áður var getið, að Fannar sagði að símtalið hefði borist upp úr hádegi. Var það misminni sökum skiljanlegs álags.

„En ég man að við ræddum saman þarna eftir hádegi og veltum því upp hvort ástandið væri orðið þannig, út af öllum skjálftunum, að við ættum að segja fólki að fara. En það var ekki fyrr en um kvöldið sem hugsanlegur kvikugangur kemur upp í umræðuna,“ segir Víðir.

#### „Við erum að fara að rýma Grindavík“

Hann rifjar upp símtalið og aðdraganda þess:

„Það er fundur í gangi hjá vísindafólkinu allt kvöldið. Svo upp úr klukkan tíu kallar Björn á mig, sem er okkar tengiliður við Væðurstofuna og vísindafólkið, og segir: „Það er verið að ræða hérna hluti sem þið verðið að heyra bara núna.“ Þá er það fulltrúi Væðurstofunnar sem talar, Matthew Roberts, og hann segir bara að þau haldi að sé kominn kvikugangur undir bæinn og að þau telji skynsamlegt að rýma.“

Víðir bendir á að Sundhnúkakagígaröðin hafi fyrir fram verið almannavörnum mikið áhyggjuefni.

„Þetta var sá staður sem við höfðum mestar áhyggjur af að myndi ógna Grindavík. Þessi orð, að kvikugangur gæti hafa myndast frá Sundhnúkakagígum og inn í bæinn – það þyrfti ekki að ræða það neitt meira. Nú förum við bara og rýmum. Allar hendur á dekk.“

Þegar það ferli var komið af stað þá hringdi ég í Fannar og sagði: Nú færðu símtal sem ég veit að þú vildir ekki fá. Við erum að fara að rýma Grindavík.“

Ritstjórn mbl.is og Morgunblaðsins varð þess fyrst vör að rýma ætti bæinn þegar fréttastofa ríkisútvarpsins gaf út tíst þess efnis á Twitter. Á sama tíma var þó ekkert um rýminguna á fréttavef ríkismiðilsins. Spurður út í þessa misbresti í upplýsingagjöf viðurkennir Víðir að mistök hafi verið gerð við boðunina á fundinn.

#### Verklagið rýnt og frekari athugun í bígerð hjá ráðuneyti

Spurður hvort almannavarnir hafi rýnt verklag sitt þennan dag og dagana þar á undan svarar hann játandi.

„Það sem við eigum að gera samkvæmt lögum er að rýna viðbrögð okkar og viðbragðsáætlanir. Við erum búin að gera það og höfum skipt þessu ári í nokkur tímabil, þar sem haldnir eru um hvert tímabil rýningur með viðbragðsaðilum og öðrum sem komu að ákvörðunum og útfærslum á þeim.“

Úr þessum fundum sé að verða þéttur listi verkefna, sem sum séu þegar komin til framkvæmda. Til að mynda hafi verklagi verið breytt í kringum rýmingar.

„Síðan ætla dómismálaráðuneytið að rýna þetta, ásamt utanaðkomandi og óháðum sérfræðingum úr nokkrum málaflokkum. Það er frábært að fá það. Eins og ég segi – við berum ábyrgð á að rýna þetta og breyta okkar innra verklagi, en svo þarf einhver annar að athuga hvornig við höfum brugðist við þeim ábendingum sem hafa komið á okkar borð í þessu,“ segir hann.

„Það er með þetta eins og annað, við eigum að vera algjörlega óhrædd við að rýna hverja einustu ákvörðun, velta henni upp, sjá hvort við getum lært af henni og gert betur næst. Menn hafa mikið talað um þetta varðandi covid-faraldurinn, ég er algjörlega sammála því að það eigi að rýna hann alveg niður. En þetta er samt miklu meira áriðandi því við erum enn í atburðarásinni. Og henni er ekkert að ljúka, segja vísindamenn.“

Tekur hann fram að þótt hlé kunnir að verða á umbrotum í þessu eldstöðvakerfi þá sé víst að önnur kerfi taki við, sem geti haft áhrif á höfuðborgarsvæðið og annað þéttbýli.

Við ættum því að rýna þetta mjög vel og teikna upp kerfi sem getur tekið vel á þessu. Nýta okkur vísindapekkinguna, læra af reynslunni og gera betur. Við getum alltaf gert betur.“

#### Brekkur þar sem áður voru sléttar götur

Hann rifjar upp þegar hann fór til Grindavíkur 11. nóvember til að hitta þá sem þar voru.

„Þá skildi maður betur að það var nánast ólíft þarna. Eða eins og einhver orðaði það: Það var eins og jörðin væri að ráðast á okkur, aftur og aftur.“

Hann segist hafa lært það af þessari atburðarás að rýma fyrr.

„Þannig vinnum við í dag. Ef einhver merki eru um að kviku-hlaup sé að fara af stað, þá rýmum við fyrr. Það sem skilaði sér kannski ekki inn í kerfið, hvorki til okkar né í aðgerðastjórnum, var þessi djöfulgangur sem gekk á, frá hádegi á föstudeginum og fram á kvöld.“

Segir hann það fyrst hafa komið til tals á milli vísindamanna á milli klukkan sjö og átta um kvöldið, að kvikugangur kynni að vera að teygja sig til suðurs.

„Þau eru stöðugt að tala saman og velta þessu fyrir sér en sjá síðan, á þessum gps-mælum sem eru að færast í sundur, að jörðin sé að gliðna. Og skýringin geti varla verið annað en að kvika sé á ferðinni. Sem leiddi svo til þess að ákveðið var að rýma bæinn,“ segir hann.

„Við höfum oft velt þessu fyrir okkur, hugsað þetta fram og til

baka. Ég segi þarna í viðtali daginn áður að ég myndi alveg gista í Grindavík, ef mér væri boðið það, og stend alveg við það. En ég held að við höfum fæst skilið raunverulega þá upplifun sem Grindavíkingar urðu fyrir á þessum sólarhringum.“

Umfang þessara hamfara, og stærð þessa sigdals, er þannig að það er erfitt fyrir fólk að átta sig á þessu öðruvísi en að sjá þetta með berum augum. Þar sem áður voru sléttar götur eru komnar brekkur og þar sem voru göngustígar er jafnvel meira en metra háir stallur í jörðinni. Hreyfingarnar hafa verið ofboðslegar.“

Víðir segist í kjölfarið heyrta sögur fólks sem þarna var 10. nóvember, meðal annars þegar hópur frá almannavörnum fór til Grindavíkur skömmu síðar til að hitta þá sem stýrðu viðbragðinu.

„Að fara um bæinn með þeim, rétt eftir að þetta gerist – það er erfitt að lýsa tilfinningunum sem bærðust innra með manni. Stærðin var þannig að það var erfitt fyrir alla að meðtaka þetta.“

Spurður nánar út í þau ummæli sem hann lét falla 9. nóvember, um að hann myndi hiklaust gista í Grindavík, segir Víðir það hafa miðast við þær upplýsingar sem hann þá hafði.

„Svo getur maður skoðað það í baksýnisspeglinum seinna. Auðvitað er það vont ef fólk hefur upplifað þetta þannig að það hefur ekki viljað fara, af því að maður segir eitthvað; „Víðir segir þetta, þá er best að vera um kyrrt“ – það er auðvitað vont. Upplifunin þessa daga var miklu verri en maður getur ímyndað sér.“

#### „Maður getur ekki gert sér þetta í hugarlund“

Hjördís tekur í sama streng, þegar hún er spurð hvort rýma hefði átt bæinn fyrr.

„Miðað við þær upplýsingar sem við vorum með, þá gátum við ekki vitað betur. En í dag, þegar maður lítur til baka, þá hefði mögulega verið betra fyrir íbúana ef það hefði verið tekin fyrr ákvörðun um rýmingu.“

Þegar maður er búinn að heyra allt sem maður hefur heyrt í dag, þá hefði örugglega mátt rýma fyrr. Við saum það að flest fólk fór sjálft því það var einfaldlega óbærilegt að vera í bænum.“

Þegar þú talar um að heyra allt sem þú hefur heyrt í dag, vísarðu þá til upplifunar fólks?

„Já. Fólk upplifði þarna eitthvað sem við hin, sem vorum ekki þarna, getum aldrei, aldrei, ímyndað okkur hvornig var. Maður getur ekki gert sér þetta í hugarlund. Fólk náttúrulega flúði bæinn sinn vegna þess að því fannst það ekki geta verið þarna,“ segir Hjördís.

„Án þess að tala niður þær áætlanir og þann undirbúning sem var að baki, þá held ég að fæstir hefðu getað ímyndað sér það sem gerðist þennan dag í Grindavík.“

# Eins og óargadýr undir fótunum á manni

● 10. nóvember í fersku minni ● Opnun bæjarins gengið vel ● Bráðum hægt að fara í sund ● „Við erum skynsöm og raunsæ varðandi stöðuna“ ● Bjartsýn á framtíð bæjarins ● Tendra ljós á stærðarinnar geit ● Ljós vonar

Hólmfríður María Ragnhildardóttir  
hmr@mbl.is

Á fundi á bæjarskrifstofu Grindavíkur fyrir ári vakti sviðsstjóri frístunda- og menningarsviðs athygli bæjarfulltrúa á mikilvægi þess að lýðheilsufulltrúi yrði ráðinn í ljósi tíðra skjálftahrina undanfarna mánuði sem hefðu reynt mikið á samfélagið.

Fundurinn var sá síðasti sem haldinn var á skrifstofunni þetta árið. Síðdegis höfðu flestir íbúar yfirgefið bæinn vegna öflugrar skjálftahrinu og um kvöldið var öllum þeim sem eftir voru gert að rýma þar sem kvikugangur hefði hugsanlega myndast undir fótum þeirra.

Við tóku ákvarðanir og verkefni sem enginn í bæjarstjórn hafði ímyndað sér að þeir yrðu að fást við.

## Farin nokkrum tímum síðar

10. nóvember lifir enn sterkt í minni Ásrúnar Helgu Kristinsdóttur forseta bæjarstjórnar. Hún segir varla hægt að lýsa atburðarásinni enda var hún engu lík.

„Eggert [Sólberg Jónsson, sviðsstjóri frístunda- og menningarsviðs] var að benda okkur á hversu mikilvægt það væri að fá lýðheilsufulltrúa þar sem við værum búin að lifa við þessa jarðskjálfta og náttúruvá frá árinu 2020. Þá ræddum við um það að við værum með laskað taugakerfi og að peningunum yrði sannarlega vel varið fyrir okkur bæjarbúa ef við myndum ráða til okkar lýðheilsufulltrúa. Mér fannst þetta svo táknrænt. Nokkrum klukkustundum seinna vorum við bara farin.“


Ásrún er Grindavíkingur í húð og hár. Fædd og uppalin í bænum þar sem hún býr ásamt eiginmanni sínum. Þau eiga tvær dætur, önnur er í heimavistarskóla fyrir norðan og hin hafði fest kaup á húsi í Grindavík skömmu áður en bærinn var rýmdur.

„Þessi dagur er ótrúlega sterkur í minningunni,“ segir Ásrún.

Hún og maðurinn hennar eru stuðningsforeldrar og var Ásrún komin til Reykjavíkur að sækja stuðningsbörn sem ætluðu að verja helginni með hjónunum í Grindavík, þegar öflug skjálftahrina hófst. Skipulagið breyttist og Ásrún sneri til Grindavíkur.

„Þetta var bara eins og það væri eitthvert óargadýr undir fótunum á manni. Maður upplifði breytingarnar á þessum skjálftum, þetta voru ekki venjulegir jarðskjálftar. Þetta var eins og það væri skotið upp undir iljarnar á manni.“

Um kvöldið fór Ásrún niður í björgunarsveitarhúsið í Grindavík. Á þeim tíma hafði ákvörðun verið tekin um að rýma bæinn. „Það kemur



Bæjarstjórn Grindavíkur ákvað á þriðjudag að sundlaug bæjarins yrði opnuð. Geta bæjarbúar og ferðamenn kíkt í lauginn tvo daga vikunnar.



Morgunblaðið/Eyþór

Ásrún er þakklát fyrir margt og segir hamfarirnar hafa sýnt hve sterk þjóðin sé.

sterk mynd í huga mér þegar björgunarsveitarfólkið kemur þarna í röðum og á fund þar sem átti að fara að skipuleggja rýmingu. Mér dettur í hug tindátar. Þau voru algjörlega eins og einn maður.“

Ásrún og maðurinn hennar fengu til að byrja með afnot af sumarhúsi föðursystur hennar á

Flúðum. Keyrði hún því daglega yfir Hellið til að sækja vinnu í Tollhúsinu í Reykjavík sem hýsti tímabundið skrifstofur bæjarstjórnar Grindavíkur.

## Fjölskyldan saman í Grindavík

Í dag eiga Ásrún og maðurinn hennar hús í Grundarfirði með

útsýni að Kirkjufelli. Þau leigja líka íbúð í Grafarvogi en verja mestum tíma í Grindavík í húsi dóttur sinnar.

„Og hér erum við bara saman í sátt og samlyndi fjölskyldan. Húsið hennar er töluvert skemmt. Þetta hús er á þremur hæðum, það er sprunga sem liggur hér í gegn og á neðstu hæðinni í kjallaranum eru skemmdir en hæð tvö og þrjú eru alveg í góðu lagi. En við biðum eftir tjónamati frá Náttúruhamfaratryggingum.“

Hún kveðst síður en svo vera hrædd við að dvelja í bænum. Henni þykir það notalegt. „Ég tel mig algjörlega örugga. Ég treysti þessu viðbragi. Ég treysti fólki sem er á bak við okkur.“

Þá hefði hún alls ekki viljað missa af því þegar opnað var fyrir aðgengi almennings að bænum.

„Við erum líka bara vön þessu. 2020 byrjar þetta hérna. Við erum skynsöm og raunsæ varðandi stöðuna og við erum með tilbúinn poka sem maður grípur með sér. Það sem mér finnst líka jákvætt er að eftir að það byrjar að gjósa þá erum við að verða fljóttari að opna bæinn aftur.“

Hún segir margt jákvætt fram undan. Mikil starfsemi sé loksins í

bænum þar sem bæði bæjarstjórn og bæjarráð funda nú meðal annars. Búið sé að ákveða að opna sundlaug bæjarins á nýjan leik. Verður hún opin almenningi tvo daga vikunnar. Grindavíkingar geta einnig sótt menningarhúsið Kvíkuna.

„Við erum svo sannarlega þakklát fyrir margt. Í þessum hamförum hefur komið í ljós hvað við erum einstök þjóð. Krafturinn, seiglan og þrjóska í fólkinu,“ segir Ásrún og nefnir verktaka sem hafa unnið myrkranna á milli við að reisa varnargarða við bæinn og björgunarsveitarfólk sem hefur komið hvaðanæva til að aðstoða.

Þá var messa haldin í kirkjunni um síðustu helgi. „Bara það að halda jarðarfarir í kirkjunni, öll svona skref eru mikilvæg fyrir okkur.“

Loks verður samverustund Grindavíkinga haldin í Grindavíkurkirkju 10. nóvember þar sem Halla Tómasdóttir forseti Íslands mun meðal annars ávarpa bæjarbúa. „Við erum búin að kaupa stærðarinnar geit sem verður í svipuðu formi og jólakötturinn á Lækjartorgi og við ætlum að tendra ljós á geitinni, þetta verður ljós vonar fyrir okkur,“ segir Ásrún.

## Aðstoð við íbúa má ekki vera tilviljunarkennd

● Yfirvöld hugsa ekki nógu langt fram í framtíðina ● Styðja þarf íbúa í nokkur ár eftir náttúruhamfarir

Mikilvægt er að lágmarka óvissuna hjá fólki þegar samfélagsröskun verður vegna náttúruhamfara í byggð. Yfirvöld þurfa að taka fastar á viðbúnaði vegna samfélagsraskana til að fyrirbyggja að neyðaraðstoð og endurreisnarstarf verði tilviljunarkennd.

Þetta segir Sólveig Þorvaldsdóttir, ráðgjafarverkfæringur og fyrrverandi framkvæmdastjóri Almannaáhrifa ríkisins.

Mikil þekking hefur safnast upp meðal viðbragðsaðila á Íslandi og eru þeir þrjúþjálfaðir í að bregðast við náttúruhamförum. Samband vísindamanna og viðbragðsaðila er á „heimsmælikvarða“ hér á landi, að sögn Sólveigar sem kveðst treysta íslenskum viðbragðsaðilum mjög vel. „Ef ég tynist einhvers staðar þá vil ég helst tynast á Íslandi.“

Aftur á móti hefur skort að þekking safnist meðal yfirvalda og starfsfólks þeirra, bæði hjá ríki og sveitarfélögum, um hvernig við tökumst á við að hjálpa fólki þegar það er komið úr mestri hættu.



Sólveig Þorvaldsdóttir

Allur gangur hefur verið á því hvernig ríki og sveitarfélög hafa brugðist við og stutt við íbúa í hamförum á Íslandi. Sólveig segir það ekki mega vera tilviljunarkennt hvaða aðstoð fólk fær eftir náttúruhamfarir og hvenær. Rannsóknir hafa sýnt að stefnumörkun um áhættu, forvarnir, neyðaraðstoð og endurreisn og álag á starfsfólk hangi saman. Það vantar samstillta stefnumörkun yfirvalda hér á landi. Því formfastara sem málið er, því minni verður óvissan, að sögn Sólveigar.

## Hugsum ekki nógu heildrænt

Vill Sólveig að við endurskoðum heildrænt þau ferli er tengjast náttúruhamförum á Íslandi, hvernig við undirbúum okkur,

brögðumst við, tökumst á við afleiðingar og styðjum við íbúa og notum til þess reynslu okkar, vísindin og reynslu annarra þjóða.

Hún segir að viðbúnaður, þ.e. hvernig við undirbúum okkur fyrir fram, megir ekki aðeins miðast við fyrstu dagana eða mánuðina. Íslensk yfirvöld hugsa ekki nógu langt fram í tímann. „Við þurfum að vera með áætlanir um viðbragð sem ná fimm ár eftir að atburður endar. Fimm árin byrja ekki að tikka fyrr en vísindamenn geta sagt að náttúruhamförum sé lokið,“ segir Sólveig og heldur áfram:

„Og við hugsum ekki nógu heildrænt. Við þurfum að búa til sviðsmyndir sem ná yfir vana, tjón og stutt- og langtímaafleiðingar sem eru sniðnar að hverju ráðuneyti og hverju sveitarfélagi. Þegar kemur að því að búa til sviðsmyndir þá erum við mjög afturlaga á merinni. Við erum mjög góð í að gera sviðsmyndir um náttúruvána, en tökum létt á að meta tjón og afleiðingar, eða tökum

á því þegar stefnir í óefni. Það er hægt að gera miklu betur. Áðrar þjóðir vinna skýrslur sem sýna fram á vana plús tjón og afleiðingar sem eru notaðar í forvarnir og viðbúnað. Við eigum góða spretti, t.d. lög um varnir við snjóöflóðum og aurskriðum, en málaflökkinn um samfélagsröskun þarf að endurskoða heildrænt.“

Þá þurfi að aðstoða starfsfólk sveitarfélaga og ríkisstofnana við að útbúa verkferla og verklag til að nota eftir að hamfarir ganga yfir. „Það er gott að hoppa í gang þegar eitthvað gerist, en það er miklu betra að vera tilbúin fyrir fram og minnka þannig álag á starfsfólki við að takast á við þær áskoranir að hjálpa fólki, viðbragðið hjá manni er betra ef maður hefur fengið til þess þjálfun. Það er mikil reynsla og áhugi að safnast saman núna hjá starfsfólki og íbúum. Ég vona að við berum kerfu til að nýta andann með vandaðra kerfisbundnu lærdómsferli.“ hmr@mbl.is



**Hver vegur að  
heiman  
er vegurinn  
heim**



GRINDAVÍKURBÆR

# Eldsumbrot við Grindavík 2023-2024

## 2023

**10. NÓVEMBER** Mikil skjálftahrina í Grindavík og bærinn rýmdur.



### SUNDHNÚKAGÍGAR

**18. DESEMBER** Eldgos hófst milli Stóra-Skógfells og **Sundhnúkagíga**. Gosinu lauk 21. desember.

## 2024



### SUNDHNÚKAGÍGAR

**14. JANÚAR** Eldgos hófst við **Hagafell** og önnur sprunga opnaðist við Grindavík sem eyðilagði þrjú hús. Gosinu lauk 16. janúar.



### SUNDHNÚKAGÍGAR

**8. FEBRÚAR** Eldgos hófst milli Stóra-Skógfells og **Sundhnúkagíga**. Gosinu lauk 9. febrúar.



### SUNDHNÚKAGÍGAR

**16. MARS** Eldgos hófst milli **Hagafells** og **Stóra-Skógfells**. Lítil sem engin skjálftavirkni var í aðdraganda gossins.




### SUNDHNÚKAGÍGAR

**29. MAÍ** Eldgos hófst í um 3,5 km langri gossprungu. Hraunið komst í snertingu við grunnvatn sem olli nokkuð öflugum gjóskusprengingum.



### SUNDHNÚKAGÍGAR

**22. ÁGÚST** Sprunga opnaðist **austan Sýlingarfells** og eldgos hófst af krafti.



VIÐ BYGGJUM UPP SAMFÉLÖG

## VARNIR MIKILVÆGRA INNVIÐA

Verkís er stolt að hafa tekið þátt í því mikla samvinnu verkefni sem farið hefur fram á Reykjaneskaga vegna náttúruhamfara á svæðinu.



# Gatan í bylgjum og bíllinn hoppaði

● 10. nóvember 2023 hryllilegur dagur ● Gripu sængur og ullarsokka ● Fjölskyldan tvístraðist ● Skyndirýmingar komu sér illa ● Horfðu á úr fjarlægð þegar húsin brunnu ● Stefna aftur til Grindavíkur ● Pakklát mörgum

Ólafur Pálsson  
olafur@mbl.is

„Við stóðum í útidyrnum og horfðum á dóttur okkar keyra inn götuna, sem gekk í bylgjum. Bíllinn hoppaði á henni. Aftan við okkur glamraði allt, gler hrundi og brotnaði og þetta var skelfileg upplifun,“ segir Hjörtur Gíslason blaðamaður, sem ásamt fjölskyldu sinni flúði Grindavík föstudaginn 10. nóvember 2023 þegar kvikugangur myndaðist undir byggð með tilheyrandi látum. Hjörtur og Helga Þórarinsdóttir kona hans ræða atburðina í Grindavík, eftirmál þeirra og framtíðina.

## Vissu ekki hvert þau ætluðu

Hjörtur lýsir deginum sem hryllilegum. Þau hafi verið orðin vön jarðskjálftum en ekki slíkum látum sem hófust um tvö- eða þrjúleytið þann dag. Þau höfðu samráð við dætur sínar og son og öll ákváðu þau að fara. Þau vissu ekki hvert þau ætluðu, gripu með sér sængur og ullarsokka og hugðust vera í burtu um nóttina. „Við vildum bara losna við þennan fjanda og koma aftur daginn eftir,“ segir Hjörtur.

Líkt og margar fjölskyldur úr Grindavík tvístraðist hún hingað og þangað í kjölfar atburðanna. Meðan á látunum stóð bauð systir Hjartar fjölskyldunni að dvelja í húsi sínu á Seltjarnarnesi en sjálf var hún erlendis. Þá dvöldu þau í sumar-bústað Blaðamannafélags Íslands í Stykkishólmi. „Það var í sjálfu sér ágætt nema hvað það var langt að fara til Grindavíkur þegar fólk var hleypt inn.“ Hjörtur rifjar upp að í eitt skiptið hafi þau verið komin inn í bæinn til að vitja eigna sinna og átt 50 metra eftir í átt að húsinu en þá hafi bærinn verið rýmdur í skyndi og í annað skipti hafi þau komist inn í húsið í fimm mínútur áður en þeim var gert að yfirgefa bæinn. „Þetta



Morgunblaðið/Eggert

Hjörtur og Helga keyptu íbúð í Hafnarfirði en vilja aftur til Grindavíkur.

var skelfilegur tími og óvissan var mikil.“

## Erfitt að horfa úr fjarlægð

Hirti og Helgu bauðst lítil íbúð til leigu í Asparfelli í Breiðholti og seinna önnur í Bergsskarði í Hafnarfirði, Stella dóttir þeirra og hennar fjölskylda fékk tímabundið íbúð í Kópavogi og sonur þeirra fór með sína fjölskyldu í Mosfellsbæ. Fyrir síðustu júl bauðst hjónunum hús vinfólks á Spáni þar sem þau fengu að dvelja án endurgjalds fram á vorið. Þó að gott hafi verið að skipta um umhverfi segja þau það hafa verið ansi erfitt að horfa úr fjarlægð

á þrjú hús í bænum fara undir hraun í atburðinum 14. janúar.

Sonur hjónanna átti tvö hús í Grindavík en annað var á nafni hlutafélags og fæst ekki bætt. Hús tveggja barnabarna eyðilögðust. Annað þeirra hefur fengið endanlega úrlausn en ekki hitt.

Hjörtur og Helga festu kaup á íbúð á Völlum í Hafnarfirði í haust. Þórarinn sonur þeirra og Þórunn dóttir þeirra keyptu á Álftanesi en Stella dóttir þeirra leigir í Hafnarfirði. Barnabörnin eru hingað og þangað; með íbúð á stúdentagörðum, eign og leiguhúsnæði í Hafnarfirði og inni hjá tengdaforeldrum.



Grindavíkurvegur gekk í bylgjum þetta kvöldið og rifnaði svo alveg í sundur, þegar Grindavíkingar voru margir hverjir á leið burt úr bænum vegna skjálfta.

## Sakna samfélagsins

Hjónin sakna samfélagsins í Grindavík. „Að geta ekki bankað á dyr, opnað og sagt: Hæ, eruð þið heima?“ segir Helga og söknudurinn leynir sér ekki. Hún segir Grindavík dásamlegt samfélag og vonar að það verði það aftur. Þeim líður vel í nýju íbúðinni og horfa jákvæðum augum á framtíðina en segjast líklega fara aftur til Grindavíkur geti þau endurheimt hús sitt á sómasamlegum kjörum. „Við áttum hús með stórum fallægum garði og við söknum þess og samfélagsins.“

Þau vilja koma á framfæri þökkum til hjörgunarsveita í Grindavík og

segja marga hafa reynst sér vel á erfiðum tímum. „Við viljum nefna Eirík og Ingibjörgu, sem geymdu fyrir okkur hluta búslóðar og léðu okkur einbýlishús sitt á Spáni. Friðu og Pál, sem einnig skutu skjólshúsi yfir okkur á erfiðum tímum og geymdu fyrir okkur hluta af búslóð og Hjálmar, þáverandi framkvæmdastjóra Blaðamannafélags Íslands, sem bauð okkur og fjölskyldu að dvelja í sumar-bústað félagsins í Stykkishólmi endurgjaldslaust um tíma. Við þökkum líka stjórnvöldum fyrir að verja bæinn okkar og leigustyrk fyrir Grindavíkinga, sem hvort tveggja hefur reynst ómetanlegt.“

# Var rétt komin ofan í sprunguna

● Hólmfríður hefur komið sér fyrir í Vogum á Vatnsleysuströnd með manni sínum Árna ● Þau snúa ekki til baka

Ólafur Pálsson  
olafur@mbl.is

„Ég lagði af stað upp Grindavíkurvegin og skildi ekkert af hverju bílarnir sneru við. Ég hélt bara áfram og var rétt komin ofan í sprunguna en við höfðum ekki fengið neina tilkynningu um að vegurinn væri kominn í tvennt, þá vissu þeir bara ekkert um það.“

Þannig lýsir Hólmfríður Georgsdóttir flóttanum frá Grindavík þegar jörðin virtist aldrei ætla að hætta að skjálfa 10. nóvember 2023.

Eiginmaður Hólmfríðar, Árni Bergmann Hauksson, var þá nýkominn úr hjartaaðgerð og hún neyddist til að keyra bílinn. „Ég var engan veginn í ástandi til þess, ég sat úti í bíl í þrjú klukkutíma, ég er svo agalega hrædd við jarðskjálfta.“

Hólmfríður lítur um öxl með blaðamanni og rifjar upp atburðina sem munu aldrei hverfa úr minni.

## Honum fannst þetta allt búið

Hún segir þau hjónin hafa verið nýkomin úr Keflavík þegar allt fór að hristast. Þar sem Grindavíkurvegur hafi verið orðinn ófær hafi lítið annað verið hægt að gera en að fara hina leiðina aftur til Keflavíkur til að komast í Voga á Vatnsleysuströnd en þar er tvíburabróðir Hólmfríðar búsettur. Þau hjónin dvöldu hjá honum í tíu daga en þaðan fóru þau í Ölfusborgir. „Við vorum í Ölfusborgum í fjóra og hálfan mánuð og þar var tekið mjög vel á móti okkur,“ segir Hólmfríður. Úr Ölfusborgum fóru þau í íbúð á Ásbrú þar sem þau voru einnig



Morgunblaðið/Eggert

Hjónin keyptu nýtt húsnæði í Vogum á Vatnsleysuströnd. Hólmfríður segir þau heppin að vera búin að koma sér þar fyrir.

í um fjóra og hálfan mánuð en að endingu fundu þau sér fasteign í Vogunum þar sem þau una sér vel í dag. Þegar blaðamaður minnst á allt umstangið í kringum búferlaflutningana gerir Hólmfríður lítið úr. Segir þau svo sem alveg hafa þurft að hafa fyrir því en ferðalagið á þeim hafi ekki verið svo mikið miðað við hjá öðru fólki.

Aðspurð segir hún atburðina heldur betur sitja í þeim hjónum. „Þeir sitja svo í mér að ég bara tárast hérna við að tala við þig, þetta var algjörlega stöðugt og algjörlega skelfilegt,“ segir hún og bætir því við að Árni hafi keyrt inn í Grindavík á dögnum þegar honum fannst hann ekki hafa neitt að gera og hann hafi bara komið

„öfugur“ heim, eins og hún orðar það. „Honum fannst þetta allt búið. Það er allt á rúí og stúi. Þetta er ekki Grindavík eins og var – það er bara svoleiðis.“ Hólmfríður, sem komin er á áttæðisaldur, hafði búið í bænum í rúma þrjú áratugi en Árni, sem nálgast sjötugt, er borinn og barnfæddur Grindavíkingur. Árni er hættur að vinna en hann

starfaði hjá fiskvinnslufyrirtækinu Stakkavík. „Fyrirtækið starfar ekkert lengur, það er allt ónýtt þar,“ segir hún. Hólmfríður segir hræðsluna sitja í sér og hún nefnir sérstaklega að sér hafi ekki fundist neinn stuðningur í fólkinu sem hún hefði talið að ætti að halda utan um þau en þar vísar hún til sveitarfélagsins.

Börnin voru til staðar „Það var einstaka sinnum hringt í eldri borgara og ég var bara spurð hvar við værum og hvert við ætluðum næst. Það var bara verið að hringja út og fylgjast með en ekkert gert. Það var bara svoleiðis og mér sárnaði þetta rosalega, en svona var þetta og það eru margir sem eru í þessum sporum enn í dag.“

Hólmfríður segir börnin hafa haldið utan um þau og segist hreinlega ekki vita hvar hún væri ef hún hefði ekki haft þau. „Dóttir mín fór að vinna í því að fá íbúðir fyrir okkur. Ef hún hefði ekki verið til staðar og börnin að hjálpa okkur væri ég á götunni einhvers staðar. Ég kann ekki neitt. Þetta er auðvitað allt rafrænt og nefndu það!“

## Ætlaði að flytja úr Grindavík

Aðspurð segist Hólmfríður ekki sakna Grindavíkur. „Eftir að ég hætti að vinna ætlaði ég í rauninni að flytja úr Grindavík,“ segir hún og að Árni sé sama sinnis. „Við erum ekki á þeim stað að vilja fara aftur.“ Húsnæðið sem þau Hólmfríður og Árni keyptu í Vogum er splunkunýtt og kveður hún þau heppin að vera búin að koma sér fyrir í því fallega húsnæði.

# Sex eldgos á einu ári

Kvika hefur brotið sér leið upp á yfirborðið sex sinnum frá því að kvikugangurinn myndaðist undir Grindavík 10. nóvember í fyrra. Fyrsta eldgosíð braust út 18. desember.

Sonja Sif Þórólfsdóttir | sonja@mbl.is



## 18. desember Fyrsta eldgosíð

Eftir tíóindalítlar vikur á Reykjaneskaga braust eldgos út við Stóra-Skógfell á Sundhnúkgígarröðinni að kvöldi mánudagsins 18. desember. Þegar landsmenn voru í óðaönn að gera allt klárt fyrir jólin hófst jarðskjálftahrina sem stóð yfir í um klukkustund áður en eldarnir kviknuðu á ellefta tímanum.

Eldgosíð hófst af miklum krafti og var gossprungan margfalt stærri en þegar eldgos braust út við Litla-Hrút fyrr sama ár. Var upphaf eldgossins mun kraftmeira en í fyrri eldgosum á Reykjaneskaga.

Á fyrstu klukkustundunum stækkaði sprungan mjög hratt og var tæpa þrjá kílómetra norður af bænum.



Morgunblaðið/Arni Sæberg



## 8. febrúar Njarðvíkuræð rofnar

Eldgos braust úr snemma morguns 8. febrúar milli Sundhnúks og Stóra-Skógfells. Upptök eldgossins voru á svipuðum stað og í desember. Fyrirvarinn var rétt rúmur hálf tími áður en kvikan braust upp á yfirborðið.

Um fjórum klukkustundum eftir að eldgosíð hófst náði hraunið Njarðvíkuræðinni, lögninni sem sá Suðurnesjum fyrir heitu vatni frá virkjuninni í Svartsengi.

Aftur dró hratt úr virkni eldgossins en síðdegis sama dag hafði hraun runnið lengst um 4,5 kílómetra frá sprungunni. Tveimur dögum frá því eldarnir kviknuðu var eldgosinu lokið.



Morgunblaðið/Kristinn Magnússon



## 14. janúar Húsin brenna

Um klukkan þrjú aðfaranótt sunnudagsins 14. janúar tók skjálftavirkni að aukast mikið á Sundhnúkagígarröðinni. Á fjórða tímanum þá nótt var Grindavíkurbær rýmdur og á fimmta tímanum jókst virkni enn meira. Eldgos braust út við Hagafell þremur mínútum fyrir kl. 8 þann morguninn. Nú var virkni nær Grindavík og töldu sérfræðingar að jafnvel gæti gosið innan varnargarðanna sem reistir höfðu verið. Það raungerðist þennan dag.

Aftur var upphafið kraftmikið og teygðist hratt úr sprungunni. Hraunið náði Grindavíkurvegi fyrir hádegis og eftir hádegis var ljóst að það hafði rofið bæði heita- og kaldvatnslagnir sem liggja til Grindavíkur. Ný sprunga opnaðist við jaðar bæjarins um hádegisbil og náði hraunið þremur húsum við Efrahóp.

Þegar líða tók á mánudaginn 15. janúar dró úr virkni eldgossins. Aðfaranótt 16. janúar var eldgosinu lokið.

Morgunblaðið/Árni Sæberg



## 22. ágúst Stærsta eldgosíð

Skjálftavirkni fór að aukast um miðjan ágústmánuð og á tíunda tímanum að kvöldi fimmtudagsins 26. ágúst braust eldgos út að nýju á Reykjaneskaga. Nú voru upptök eldsumbrotanna norðar, talsvert nær Reykjanesbraut en í fyrri gosum, og lengdist sprungan í norður. Samhlöða eldgosinu mældust skjálftar og fundust þeir stærri í byggð á höfuðborgarsvæðinu. Þegar mesti krafturinn var í upphafi gossins mældist gossprungan sjö kílómetrar að lengd. Dagana á eftir mældust nokkrir stærri skjálftar sem einnig fundust. Reyndist eldgosíð vera það stærsta á Reykjaneskaga frá því í desember.

Morgunblaðið/Eyþór



## 16. mars Lengsta eldgosíð

Kvikuhlaup fór af stað um klukkan átta laugardagskvöldið 16. mars og hófst eldgos ríflega 20 mínútur yfir átta það sama kvöld. Að þessu sinni voru upptökin milli Hagafells og Stóra-Skógfells, á svipuðum stað og í febrúar.

Hraun rann í suður, í átt að Grindavík. Var upphaf eldgossins kröftugra en upphaf nokkurs annars eldgoss á Reykjaneskaganum undanfarin ár.

Fór hraun yfir Grindavíkurveg og rann einnig í átt að Suðurstrandarvegi. 18. mars var virkni eldgossins orðin nokkuð stöðug og bundin við nokkra giga og tóku þeir að hlaðast upp. Eldgosinu lauk í byrjun maí.

Morgunblaðið/Árni Sæberg



## 29. maí Hraunkæling við Svartsengi

Um klukkan 11 að morgni hófst kvikuhlaup á Sundhnúkagígarröðinni og um tveimur klukkustundum síðar hófst eldgos. Braust kvikan upp á yfirborðið norðaustan við Sýlingarfell, á svipuðum slóðum og eldgosíð hófst í mars. Þegar leið á daginn minnkaði virkni eldgossins og um kvöldið hafði hægst verulega á hraunrennslinu frá sprungunni. Hraun flæddi í suðurátt, en mesta virkni var norðarlega á sprungunni. Varnargarðarnir bægðu hraunrennslinu frá Grindavíkurbæ, en hraun fór þó enn á ný yfir Grindavíkurveg. 4. júní var virkni að mestu í einum gíg. 18. júní hafði hraun runnið í átt að virkjuninni í Svartsengi og tók Slökkvilið Grindavíkur, ásamt fleiri viðbragðsaðilum, til þess ráðs að kæla hraunið til að hægja á því. Hraunið hafði þá byrjað að flæða örlítið yfir varnargarða sem reistir voru til að verja Svartsengi. 22. júní var lýst yfir goslokum.

Morgunblaðið/Eggert

# „Þetta er saga okkar allra“

- Margt sem situr í Grindvíkingum
- Efins um að senda fermingarbörnin út með söfnunarbaukana sína
- „Þetta var mjög eftirminnilegur dagur“
- Séra Elínborg sinnir sínu fólki og fer víða um sóknina til þess

Atli Steinn Guðmundsson  
atlisteinn@mbl.is

„Ég er bara þakklát fyrir að við höfum komist frá þessu og ég er þakklát öllum sem rétt hafa okkur hjálparhönd,“ segir séra Elínborg Gísladóttir, sóknarprestur í Grindavík, „hvort sem það eru vinir, kunningjar eða fólk sem opnaði heimili sín fyrir Grindvíkingum. Eins er ég þakklát ríkisstjórninni, sem keypti húsin og sá til þess að fólk gæti keypt heimili annars staðar.“

Séra Elínborg á tæpa tvo áratugi að baki sem þjónandi sóknarprestur Grindvíkinga þótt síðasta árið hafi kirkjustarf þar gengið úr skorðum. „Sóknin er enn til og ég held áfram að sinna sóknarbörnunum eins og mér er unnt.“ Hún kveðst telja komandi vetur geta orðið Grindvíkingum erfiðan. Að komast í gegnum áföll er langhlaup og tekur sinn tíma.

Sóknarpresturinn er beðinn að segja örlítið af sjálfri sér áður en við litum yfir ársgamla atburði sem þó falla seint í gleymiskunnar dá.

„Ég er fædd og uppalin á sveitabæ sem heitir Kyrhólt í Skagafirði og ólst þar upp, þar hafa mínar kynslóðir búið langt aftur í tímann,“ segir séra Elínborg, sem lauk stúdentsprófi frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti þótt leiðin hafi ekki legið beint í guðfræðina að loknu stúdentsprófi.

Reynist hún vera lyfjateknir að mennt og hafa starfað í apóteki áður en hún ákvað að láta þann gamla draum rætast að leggja stund á íslenskunám við Háskóla Íslands, þar sem hún settist á skólabeck í þessu skyni haustið 1992. Draumurinn rættist þó aldrei nema að því litla leyti að séra Elínborg lagði stund á íslenskunámið í gamla Árnagarði – þó ekki nema í tvo daga.

## „Þarna átti ég að vera“

„Svo var það bara þannig að fyrsta daginn sem ég mætti í íslenskuna leitaði það mjög sterkt á mig að fara í guðfræði og þessi hugsun að fara í guðfræði varð mjög ágeng innra með mér,“ rifjar sóknarpresturinn upp af sínum stutta ferli sem íslenskunemi því hún venti sínu kvæði í kross eftir fyrstu vikuna í íslensku og skipti yfir í guðfræði.

„Ég var ekki beint alin upp í trúrækni, lærði bara bæirnir heima eins og gengur og gerist, farið var í messu endrum og eins en afi söng í kirkjukórnum. Ég var hins vegar alltaf mjög opin og andlega sinnuð,“ segir séra Elínborg, þar hafi fegurð skagfirskrar náttúru opnað andlegar víddir barnshugans, stúlkunnar sem síðar varð sóknarprestur þess byggðarlags sem hamfarir þrýstu fram á ystu nóf.

Kennsla í guðfræði hófst viku síðar á þeim tíma sem Elínborg hóf nám og var henni þegar hleypt í námið þrátt fyrir að skipta um námsleið á síðustu stundu. Hún efaðist hvergi.

„Ég fann það strax þegar ég var komin yfir í guðfræðina að þarna átti ég að vera og þetta voru ótrúlega skemmtileg ár,“ rifjar hún upp af sex ára námi til embættisprófs í faginu, „námið var mjög fjölbreytt og skemmtilegt og ég nauf þess að vera þarna. Hebreasagan heillaði mig mikið og Gamla testamentið.“ Grískan hafi þó verið strembin.

Séra Elínborg kveðst enn fremur hafa heillast af síðfræði Nýja testamentisins, guðspjöllunum og píslargöngunni. „Drottinn, upprisan og vonin urðu mitt þema, ég skrifaði lokaritgerð mína í embættisprófinu um þjáninguna í ljósi krossins og upprisu Jesú Krists,“ segir hún, en prófinu lauk hún 1998 og vígðist til Ólafsfjarðar árið 2001.

Starfaði séra Elínborg þar sem afleysingaprestur í fjögur ár áður en hún hélt suður á ný og fékk embætti sitt í Grindavík árið 2006. „Þannig að ég er búin að vera þar í átján ár núna í haust,“ segir hún.



Morgunblaðið/Eggert

Grindvíkirkjura stendur enn, óskemmd að því er virðist, og sóknin sjálf er enn til. Fyrsta messan frá því að hamfarirnar dundu yfir var þar haldin á sunnudaginn.

Kirkjustarf í Grindavík kveður hún öflugt, enda sé í Grindavík mjög kröftugt samfélag. „Grindvíkingar sáu vel um kirkjuna sína, ef eitthvað þurfti að gera var mjög auðvelt að fá peninga í það,“ heldur sóknarprestur Grindvíkinga til tæpra tveggja áratuga áfram.

## Skalf undir fótum prestsins

Viltu segja mér örlítið frá föstudegnum 10. nóvember í fyrra, frá þínu sjónarhorni.

„Já,“ byrjar séra Elínborg og ræskir sig. „Þetta var mjög eftirminnilegur dagur. Ég gifti fyrir hádegi, lítið brúðkaup og þau voru svo að fara til Reykjavíkur og ætluðu að verja helginni þar. Eftir hádegjöld ætlaði ég að hitta fermingarbörnin um fimmeyleytið, þau áttu að fara að ganga í hús á vegum Hjálparstarfs kirkjunnar, það var sá tími,“ rifjar hún upp.

Er þarna var komið sögu skóku miklar jarðskjálftahrinur bæinn og segist séra Elínborg muna til þess að hún hafi spurt börnin hvort þau þyrftu ekki bara að hætta við hús gönguna eins og staðan var orðin. Ekki vildu börnin það þó, galvösk hugðust þau ganga í hús með söfnunarbaukana.

„Svo leið hálf tími og þá voru allir foreldrarinn komnir að ná í börnin og sögðu, „við erum öll að fara úr bænum,“ og þarna var skjálftinn orðinn mikill og skalf undir fótunum á manni,“ segir sóknarpresturinn. Hún hafi þá farið og gengið frá í kirkjunni og svo haldið á heimili sitt, sem var rétt við hlið kirkjunnar.

„Þá voru komnir stöðugir skjálftar og það var stöðugur straumur bíla út úr bænum. Ég hugsaði nú samt með mér að ég væri nú ekki að fara neitt, þetta hlyti að enda eins og allt annað. Ég fór svo í Víðihlíð um kvöldið þar sem eldra fólk býr og þar var þá verið að rýma og farnar að koma miklar sprungur í hús. Þá sá maður hvað þetta var alvarlegt,“ segir hún.

Er leið á kvöldið hafi henni svo borist skilaboð í símann frá almanna-varnarnefnd ríkislögreglustjóra þar



Séra Elínborg kveður 10. nóvember 2023 mjög eftirminnilegan. Hún er þess fullviss að aftur verði búið í Grindavík.

Morgunblaðið/Ólafur Árdal

sem fram hafi komið að allir ættu að rýma bæinn og vera farnir klukkan þrjú um nóttina.

## Aðeins ein flóttaleið var fær

„Mér brá bara svoltið og þegar við fórum var bara ein fær leið út, það var Krísvík. Þá var búið að loka Nesvegi vegna sprungu og skjálftarnir voru svo miklir á Grindavíkurvegi að þar var mjög erfið að vera í bíl. Við vorum komin til Reykjavíkur um þrjúleytið,“ rifjar séra Elínborg upp af sér og manni sínum. Fengu þau inni í íbúð sem bróðir hennar átti.

Rifjar hún svo upp það sem hún kallar hiklaust ótrúlega tíma, þegar Grindvíkingar fengu að fara á heimili sín í fylgd björgunarsveitarfólks til að ná í eigur sínar og gátu aðeins stoppað örstutta stund.

„Það fór enginn til baka,“ segir séra Elínborg hugsu, enda bannað nánast öllum að fara í bæinn. Nú situr þessi dagur mikið í fólki. Hefurðu orðið vör við reiði fólks í garð yfirvalda, hvað er það sem helst situr í fólki?

„Það er örugglega margt sem situr í fólki, fólk beggst misjafnlega við áföllum en eitt af eðlilegum viðbrögðum áfalla er reiði, þessi dagur

setti alla tilfinningarflórana á hvolf og breytti öllu lífi okkar. Sumir urðu reiðir, það er alveg eðlilegt og reiðin beindist þá oftast að yfirvöldum og almannavörnum,“ svarar hún.

Úrvinnsla áfalla feli meðal annars í sér að gangast við tilfinningum sínum og horfast í augu við þá breyttu stöðu sem fólk nú sé í með það að leiðarljósi að ná aftur styrk sínum, „það er okkar verkefni. Náttúruöflin léta eigin lögmálum og við breytum þeim ekki.“

## Ólýsanlegt áfall fyrir samfélagið

Rifjar séra Elínborg upp fyrstu messuna eftir hamfarirnar, sem haldin var á sunnudaginn var, á allraheilagramessu, en eins og fram kom í Morgunblaðinu á mánudaginn var síðasta messa fyrir hamfarir einnig á allraheilagramessu – árið áður.

„Ég sagði í þessari messu að nú værum við ekki einungis að syrgja þau ættmenn sem hafa kvatt þennan heim heldur líka að syrgja það samfélag sem við höfum misst. Hversdagurinn er gjörbreyttur og við öll að fóta okkur á nýjum stað í nýju umhverfi og samfélagi viðhúsakynnum. En ég held við séum

að fara inn í vetur sem verður okkur býsna strembin hvað varðar tilfinningar okkar.

Núna ári seinna þegar við erum flest búin að koma okkur fyrir þar sem við verðum alla vega um stundarsakir og börnin komin í skóla. Einmitt þá gefst meira rými fyrir huga okkar að taka við og melta þessar miklu breytingar og mikla missi og þá birtist einmanaleikinn. Þetta er saga okkar allra,“ segir séra Elínborg.

Hún segir áfallið ólýsanlegt fyrir byggðarlagið. Sjálf hafi hún lent í áföllum áður, „en þessar hamfarir eru alveg ný vidd í þá flóru“.

Aðspurð kveðst hún áfram verða sóknarprestur í Grindavík, „það er ekki búið að leggja niður eitt eða neitt, hvorki bæinn né sóknina. En ég fer vítt og breitt, ég er að skíra og sinna fólki og ég sinni þeim Grindvíkingum sem til mín leita.“

„Á morgun er eitt ár liðið frá rýmingu og það verður margt um að vera í Grindavík. Það verður samverustund í kirkjunni þar sem meðal annars Halla Tómasdóttir forseti ávarpar okkur. Síðan tmunum við bjóða upp á stundir um aðventuna og jólin.

Hvað heldurðu að sé fram undan núna, hvað verður?

„Ég trúi því að ekkert muni koma fyrir bæinn þótt haldi áfram að gjósa, ég held að hann muni ekki fara undir hraun,“ svarar prestur, „en svo verður staðan tekin aftur á næsta ári, kvikan heldur alltaf áfram að safnast undir Svartsengi svo að maður getur aldrei horft langt fram í tímann. Ég held að í fyllingu tímans verði aftur búið í Grindavík, ég held að það verði aftur samfélag þar, það er tilfinning mín og innsæi mitt segir mér það. Miklar breytingar og mikil áföll bera líka í sér von og eitthvað nýtt. Maður þarf að hugsa það þannig. Ljósið er með okkur og skaparinn er með okkur og heldur utan um okkur,“ segir séra Elínborg Gísladóttir, sóknarprestur í Grindavík, að lokum.



*Sendum hlýjar kveðjur til  
Grindvíkinga, heima  
og að heiman.*



# Kom í heiminn á ögurstundu

- Sveinn Özer fæddist í miðjum Grindavíkurförum í fyrra
- „Eins og allir er maður enn að melta þetta“
- Sitja föst þar sem þau eru ekki skráðir eigendur hússins
- Vonar bara það besta enda ekkert annað hægt

Atli Steinn Guðmundsson  
atlisteinn@mbl.is

„Fyrstu dagana þjuggum við í sumarbústað foreldra minna og þá voru tengdaforeldrar mínir að utan í heimsókn líka svo að það var þröng á þingi,“ segir Guðjón Sveinsson Grindvíkingur í spjalli um hvernig þeim hjónum, honum og Ayçu Eriskin, hafi reitt af síðan þau ræddu við mbl.is 19. nóvember í fyrra, við upphaf þrenginga þeirra sem hér eru tíundaðar.

Þá var glænýr drengur kominn í heiminn, Sveinn Özer, sem fagnar nú eins árs afmæli sínu samhliða því sem líf Guðjóns og Ayçu er að falla í skorður á ný. Þó ekki alveg. Rifjum upp ummæli Guðjóns í viðtali við mbl.is fyrir ári:

„Við erum í frekar góðri stöðu miðað við marga og þrátt fyrir þetta,“ segir Guðjón. „Þetta tekur auðvitað á að ákveðnu leyti en við höfum það sterkt bakland að við erum alltaf örugg og getum alltaf fundið húsaskjól. Þetta eru bara svona skyndilegar breytingar sem maður lagði ekki upp með og eitt-hvað sem maður hafði ekki stjórn á.“

## Búslóðin enn í geymslu

„Við vorum þrjár-fjórar vikur þar og fengum svo leiguþúð einhvers staðar í Reykjavík þar sem við vorum einhverjar vikur,“ segir fjölskyldufaðirinn, „svo fengum við aðra leiguþúð sem við erum búin að vera í frá því um áramótin,“ segir hann, en þau fjölskyldan eru nú þökkalega sett við Vínatræti í Garðabæ eftir fleiri en einn



Morgunblaðið/Eyþór

Guðjón og Ayça eignuðust Svein Özer mitt í öllu hafarinu en hann ber nöfn beggja afa sinna og tekur áfallinu af yfirvegum.

búferlaflutning. Og alltaf er nú jafn „gaman“ að burðast með búslóðina sína.

„Já,“ segir Guðjón með vægu andvarpi en er ellegar hinn hressasti, „við tókum svo sem bara fyrst nauðsynjar og stór hluti búslóðarinnar er reyndar enn í geymslu. Við vorum búin að koma okkur fyrir í ágætishúsi í Grindavík og þetta sem við erum í núna er töluvert

minna,“ segir Guðjón, sem er borinn og barnfæddur Grindvíkingur.

Hvernig líður ykkur þá núna eftir þetta rót allt saman og það sem gerðist í Grindavík?

„Eins og allir er maður bara enn þá að melta þetta og við erum í raun bara enn þá að meta næstu skref,“ svarar Guðjón hugsí, „þessi leigustuðningur er náttúrulega alveg búinn að bjarga manni. Þótt margir

hafi gagnrýnt ríkisstjórnina er margt fínt búið að gerast, en við erum samt föst í því að við höfum ekki fengið samþykkt uppkaup á húsinu okkar í Grindavík,“ segir Guðjón frá og útskýrir þetta nánar.

Þau Ayça seldu ísbúð í Hafnarfirði sem var aðeins minni en húsið sem þau keyptu í Grindavík. „Við áttum ekki alveg fyrir húsinu og þá hjálpuðu foreldrar mínir og húsið

var í raun enn skráð á þau þegar við ætluðum að reyna að kaupa það af þeim, en þá voru ekki nema nokkrir mánuðir liðnir frá því allt þetta gerðist og vegna þess skilyrðis að fólk eigi lögheimili á eigninni, sem þau eiga ekki, fást uppkaupin ekki samþykkt og ég veit að fleiri eru í þessari stöðu, þjuggu í framtíðarhúsnæði sem þó var í raun ekki þeirra vegna láns-mats,“ útskýrir Guðjón.

Ertu að ná þökkalegri sátt við guð og menn núna eftir það sem gerðist, borinn og barnfæddur Grindvíkingur?

„Fjölskyldan splundraðist auðvitað öll þótt nánasta fjölskyldan sé á sama svæðinu núna. Þetta venst allt saman, það er líklegt að við verðum í Hafnarfirði, Garðabæ eða Mosfellsbæ. Það stærsta í þessu er að nú er líðið ár og maður er enn þá í óvissu með húsnæði, við erum búin að vera með umsókn í gangi frá því í apríl og það var fyrst núna í október sem svar kom við henni og það er auðvitað erfitt,“ svarar Guðjón.

## Geta í raun ekkert annað

Fyrst og fremst vonar hann að framtíðin fari að skýrast og skyldi engan undra. „Margir eiga eftir að koma sínum málum á hreint þótt margir aðrir séu búnir að koma sér vel fyrir núna og maður vonar bara það besta, í raun getur maður ekkert annað eins og staðan er,“ segir Guðjón Sveinsson, Grindvíkingur sem enn veit ekki alveg hvar þau Ayça Eriskin og Sveinn Özer munu eiga höfði að halla er fram líða stundir eftir hörmulegt áfall sem dundi á rötgrönu byggðarlagi Grindvíkinga veturinn sem leið.







*Sendum hlýjar kveðjur til  
Grindvíkinga, heima  
og að heiman.*





# Óhugsandi fram að síðustu stundu

● Fyrrverandi skólstjóri Grunnskóla Grindavíkur bjartsýnn á að samfélagið byggist upp að nýju ● Er tekinn við nýju starfi í Reykjavík ● Leið vel í Grindavík og vildi vera um kyrrt ● Endalok skólastarfsins ekki ljós fyrr en í vor

Hólmfríður María Ragnhildardóttir  
hmr@mbl.is

Þegar Eysteinn Þór Kristinsson tók við starfi skólustjóra við Grunnskóla Grindavíkur óraði hann ekki fyrir því að eldgosíð sem hann fylgdist með út um gluggann sinn væri upphafið að jarðhræringum sem ættu einn daginn eftir að eyðileggja skólabyggingar, gleypa heilu einbýlishúsin og verða til þess að samfélagið í sinni þáverandi mynd myndi leysast upp.

Nú ríflega þremur árum síðar er enginn starfandi við grunnskólann sem eitt sinn var stærsti vinnustaður bæjarins. Öllum var sagt upp í sumar og eru nú ríflega fimm hundruð grindvískir nemendur búsettir í sveitarfélögum víðsvegar um landið, margir hverjir langt fjarri heimahögum og því umhverfi sem þeir ólust upp í.

Engum starfsmanni skólans var haldið eftir til að fylgjast með því hvernig nemendum myndi farnast í nýju umhverfi.

Eysteinn er sjálfur tekinn við sem fagstjóri grunnskóla hjá þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar. Hann er bjartsýnn á að grunnskólinn verði aftur opnaður og að Grindavíkurbær byggist upp að nýju þó að það verði hugsanlega ekki með sama hætti og áður var.

## Átti að vera nokkurra daga frí

Eysteinn réð sig til vinnu í Grindavík í ágúst árið 2021. Fyrsta eldgosíð í Fagradalsfjallskerfinu, sem markaði upphaf eldsumbrotatímabilsins, stóð þá yfir. Hann segir stöðuna sem nú er uppi hafa verið óhugsandi á þessum tíma. „Gjörsamlega. Þetta var mjög langt í burtu og var það alveg fram að síðustu stundu. Það óraði engan fyrir því sem svo gerðist.“

Þriðja skólaárið Eysteins í Grindavík var nýhafið þegar föstudagurinn 10. nóvember rann upp. Þrátt fyrir að Grindvíkingar væru vel kunnugir þeim skjálftahrinum sem gengu yfir á nokkurra mánaða fresti, stóð mörgum ekki lengur á sama. Hrinurnar voru tíðar og ekki sá fyrir endann á þeim. Föstudagurinn byrjaði rólega. Urðu hvorki nemendur né kennarar varir við neitt sem gaf til kynna að þetta yrði hugsanlega síðasti skóladagurinn þeirra í Grindavík.

Síðdegis byrjaði öflug skjálftahrina, öflugri en íbúar höfðu áður upplifað. Höfðu margir farið burt úr bænum af sjálfsdáðum áður en íbúum var gert að rýma klukkan ellefu um kvöldið.

Eysteinn bjó þá, og býr enn, á höfuðborgarsvæðinu og þurfti því ekki að yfirgefa heimili sitt þetta kvöld líkt og samstarfsfélagar hans.

„Ólíkt mínum félögum í Grindavík þá þurfti ég ekki að hugsa um heimilishagi. Ég gat einbeitt mér að því að sinna starfinu og fólkinu á meðan starfsfólkið þurfti ekki bara að sinna skólastarfinu heldur leita sér að húsnæði, hafa áhyggjur af fjölskyldunni og fjölskyldumeðlimum og allt þetta sem var gríðarlega mikið álag.“

Hvernig var að átta sig á því að þið væruð líklega ekki að fara að opna skólann aftur á mánudag?

„Á föstudaginn þegar allt fór eins og það fór, jú maður sá það að maður myndi kannski ekki mæta í vinnuna á mánudaginn og þriðjudaginn en í okkar huga og flestra þá vorum við bara að fara í nokkra daga. Það voru allir að fara heim. Fólkið sem yfirgaf bæinn á föstudegi ætlaði bara að koma heim á laugardegi og jafnvel sunnudegi að sækja dótið sitt. En svo liðu vikur áður en þú komst heim. Þetta var með ólíkindum og við sem vorum í stjórn skólans höldum kannski að það yrði bara nokkurra daga frí og svo færum við öll heim,“ segir Eysteinn.



Morgunblaðið/Eggert

Grunnskólinn var stærsti vinnustaður bæjarins áður en öllu starfsfólki var sagt upp í sumar. Nemendurnir dvelja nú með fjölskyldum sínum víða um landið.



Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

Eysteinn Þór ásamt grindvískum nemendum í Laugalækjarskóla, einum af safnskólunum fjórum í Reykjavík.

Á hádegi laugardaginn 11. nóvember var Eysteinn boðaður á fund almannaavarna.

„Við funduðum fram eftir degi á laugardegi og sunnudegi. Það smám saman síaðist inn að þetta yrði kannski aðeins lengri tími en við upphaflega áætluðum og fljótlega varð okkur ljóst að við værum ekki að fara aftur næstu mánuðina, eða ekki fyrir júl. Svo kannski sáum við einhverja möguleika á að við gætum klárað skólaárið í Grindavík.“

Það var ekki fyrr en upp úr áramótum sem flestir Grindvíkingar gerðu sér grein fyrir því að nemendur og kennarar væru ekki að snúa aftur í skólann það skólaárið, að sögn Eysteins. „En enn þá hélt fólk alltaf í vonina að við myndum hefja nýtt skólaár heima,“ segir hann og bætir við: „Ég kalla þetta bara heima. Ég var ekkert á leiðinni í burtu. Mér leið vel þarna. Þetta er ofboðslega gott samfélag að vera í. Mjög sterkt skólasamfélag og samfélagið sem heild, sem kom svo vel í ljós í kjölfar rýmingarinnar.“ Grindvískt skólalald hélt þó áfram, bara í annarri mynd. Svokallaðir safnskólar voru stofnaðir og voru þeir fjórir talsins í Reykjavík. Af

ríflega hundruð starfsmönnum grunnskólans héldu um 80% áfram að vinna með grindvískum börnum í safnskólum. „Fólk var að keyra frá Árborg í vinnuna, Reykjanesbæ, Sandgerði, Suðurnesjabæ, jafnvel Borgarnesi, til þess að sinna vinnunni í Reykjavík. Starfsfólkið dreifðist náttúrulega eins og nemendurnir okkar,“ segir Eysteinn.

## Engum haldið eftir

Meirihluti nemenda sótti safnskóla í Reykjavík en restin dreifðist vítt og breitt um landið. Á tímabili voru grindvískir nemendur í 60-70 skólum í 25 sveitarfélögum.

Hvernig var að koma á skipulagi, fylgjast með hvar nemendur væru og hafa umsjón með þessu?

„Við byrjuðum á að kortleggja staðsetningu foreldra strax á öðrum degi, og starfsfólks. Strax á laugardegnum fórum við að fylgjast með. Við fengum góða svörum, fólk var þakklátt að vita að við höfðum alla vega áhyggjur af því og vildum vita hvar þau væru. Fólk var alveg að láta okkur vita. Svo er það bara þannig í svona litlu samfélagi að samkenndin er mikil og fólk veit hvar nágranninn er. Ég var með

öflugt stjórnendateymi sem var með allar klær úti og við náðum til- tölulega hratt góðu yfirliti yfir þetta, hvar okkar fólk væri og í hvernig ástandi það væri,“ segir Eysteinn.

Nemendurnir voru enn skráðir í Grunnskóla Grindavíkur og fengu skólastjórnendur yfirlit vikulega frá Mentor-kerfinu.

„Þannig gátum við enn fylgst með hvar þau voru. Til að byrja með breyttust þessar tölur mjög hratt. Fjölskyldur voru að flytja. Það komst ekki ró á búsetu foreldra nærri strax. Þess vegna var svo mikilvægt að við hefðum þessa skóla í Reykjavík sem voru þá alla vega fasti punkturinn fyrir mjög stóran hóp.“

Framan af sóttu um 300 grindvískir nemendur, af 550 nemendum, safnskólana í Reykjavík. Hægt og rólega tándist úr hópnum og í maí voru þeir orðnir um 220 talsins.

Hvenær er það sem þið sjáið að það verður ekki hægt að halda úti grindvískum grunnskóla?

„Það fannst okkur koma svolítið seint í ljós. Mig minnir að það hafi verið í mars sem bæjarstjórn ályktar um það að það verði ekki grunnskólalald í Grindavík á þessu

skólaári en síðan er það ekki fyrr en í apríl sem þau ákveða að segja öllum upp og að það verði engir safnskólar og ekkert skólalald á vegum Grindavíkur. Öllu starfsfólki var síðan sagt upp 1. júní. Endalokin voru ekkert ljós fyrr en seint um vorið.“

Það hefur þá markað ákveðin tímamót fyrir Grindavík?

„Já, skólastarfið er hjarta hvers bæjarfélags og það var örugglega bæjarstjórninni mjög erfitt að ákveða þetta. Kannski hafa þau lifað í voninni eins lengi og þau gátu að það yrði eitthvað.“

Kom þetta þér á óvart eða lá þetta í loftinu?

„Bæði og. Það sem kom mér kannski mest á óvart var að það yrði engum haldið eftir til að fylgja eftir nemendum. Eins og staðan er í dag þá er enginn úr Grunnskóla Grindavíkur að fylgjast með börnunum. Ég hefði talið það mjög nauðsynlegt,“ segir Eysteinn og bætir við að um allt land megi finna börn í viðkvæmri stöðu en það eigi sérstaklega við um þau sem hafa lent í áföllum líkt og grindvísk börn.

Bendir Eysteinn á að í þokkabót séu margar grindvískar fjölskyldur enn í húsnæðisvandæðum.

„Og það eru bara fjölskyldur sem hafa í rauninni næg verkefni. Maður hefði haldið að það yrði möguleiki að halda litlu teymi eftir sem fylgdist með velferð grindvískra skólubarna, barna og ungmenna. Ég geri bara ráð fyrir því að það séu einhverjir sem séu ekki alveg búnir að lenda. Það kæmi mér ekki á óvart alla vega. Þá er gott að geta leitað til einhverra sem þekktu þeirra aðstæður fyrir.“

Ertu bjartsýnn á að Grunnskóli Grindavíkur verði opnaður aftur í framtíðinni?

„Já, maður verður að halda í vonina að samfélagið muni aftur að einhverju leyti dafna á ný en auðvitað verður tíminn að leiða það í ljós. Ég tel að það verði töluvert öðruvísi samfélag. Til að byrja með reikna ég með að þetta byggist upp í kringum sjávarútveginn og starfsfólk þar. Þessi öfluga starfsemi sem kannski var í litlum fyrirtækjum, hún verður ekki jafn öflug og hún var til að byrja með.“

# Skapa framtíð í nýjum heimkynnum

Rýming Grindavíkur 10. nóvember leiddi af sér mikla óvissu fyrir íbúana, sem flestir voru á hrakhólum lengi á eftir. Margir þeirra hafa nú komið sér fyrir í nýjum heimkynnum og það fólk segir sögu sína hér.

## Við urðum að byrja upp á nýtt

- eru ánægð á Álftanesi þar sem fjöldi fólks úr Grindavík hefur fest sér íbúðir
- Boltinn rúllar og börnin eru byrjuð í nýjum skóla
- Fólki verið mætt í fordæmalausum aðstæðum
- Hugað sé að andlegum þætti

Sigurður Bogi Sævarsson  
sbs@mbl.is

Á Álftanesi hefur mikið verið byggt á síðustu árum, til dæmis rað- og fjölbýlishús, og á síðustu mánuðum hefur fjöldi Grindvíkinga einmitt fest sér íbúðir þar. „Álftanesið er svolítið eins og sveit: hér er allt mátulega stórt og samfélagið gott. Þetta minnir um margt á Grindavík, þar sem við fjölskyldan áttum góðan tíma og ætluðum að vera þar. Svo breyttist allt og þá urðum við bara að byrja upp á nýtt,“ segir Valdís Guðmundsdóttir.

Þau Valdís og Hjörtur Már Gestsson eiginmaður hennar fluttu með börnunum sínum tveimur, átta ára tvíburum, til Grindavíkur árið 2019.

### 24 Grindavíkurbörn í skólanum

„Áslaug Rós systir mín og Tómas Guðmundsson maður hennar, sem er Grindvíkingur í húð og hár, og við Hjörtur fórum saman í að byggja þarhús við Víkurhóp. Þetta var mjög skemmtilegt verkefni og húsið var nánast tilbúið þegar ósköpin dundu yfir,“ segir Valdís, sem er hjúkrunarfræðingur að mennt. Hún starfaði á heilsugæslustöðinni í Grindavík en síðan á sama vettvangi í Reykjanesbæ. Hjörtur er verkfræðingur, var byggingafulltrúi í Grindavík en hefur nú snúið sér að rekstri eigin fyrirtækis og sinnir þar teikningu og hönnun lagna og loftræstikerfa.

Fyrst eftir að Grindavík var rýmd fengu Valdís og fjölskylda hennar inni hjá ættmennum sínum á



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Valdís Guðmundsdóttir og Hjörtur Már Gestsson heima á Álftanesi með börnunum, þeim Braga Frey og Áslaugu Líf.

höfuðborgarsvæðinu. Þá máttu þau sátt þröngt sitja um sinn. Þau fengu svo íbúð hjá leigufélaginu Bríet í Vogum á Vatnsleysuströnd og voru þar frá í byrjun þessa árs fram í september síðastliðinn. Höfðu þegar þar var komið sögu fest kaup á foheldri íbúð í raðhúsi við Víðholt á Álftanesi.

„Þarna erum við systurnar aftur nágrannar og líkar vel. Íbúðina fengum við í mars síðastliðnum, sumarið tókum við í fráganginn og fluttum svo inn í september. Og boltinn er aftur farinn að rúlla; fólk fer í vinnu og börnin í skóla. Í Álftanesskóla byrjuðu í haust 24 börn sem áður voru í Grindavík; svipaður fjöldi og er í einni bekkjardeild.“

### Aðstoð í boði

Valdís þykir sem stjórnvöld hafi komið ágætlega til móts við Grindvíkinga, sem hafa verið í fordæmalausum aðstæðum. Með uppkaupum á fasteignum hafi að minnsta kosti sér og sínum tekist að koma undir sig fótunum að nýju. Einnig hafi verið höfð gát á því að skólaganga barna og annað þeim viðvíkjandi kæmist fljótt í farveg. „Þá hefur þjónustuskrifstofa Grindavíkur og fólk þar fylgst vel með; tvegis hefur verið haft samband við okkur fjölskylduna og spurt hvort við þyrftum einhverja aðstoð. Slíkt er til fyrirmyndar og eins að hugað sé að hinum andlega þætti fólks, því eðlilega hefur umrót síðasta árs tekið mjög á fólk – og er áfall sem vinna þarf úr.“

## Laugarvatn varð fastur punktur

- Ánægðar í uppsveitunum á Suðurlandi
- Tengslin eru sterk og andinn er jákvæður
- Fengu gott einbýlishús í sveitinni á viðráðanlegu verði
- Aðstaða fyrir skúlptúragerð í gömlu fjósi
- Keyrir rútur og býr til kerti

„Laugarvatn var kannski skrifað í skýin; tilviljanir sem komu ein af annarri réðu því að við settumst þar að. Að nokkru leyti er bragurinn svipaður þar og í Grindavík; tengslin eru sterk og andinn jákvæður. Fólk lætur sig hvað annað varða,“ segir Anna Sigríður Sigurjónsdóttir myndhöggvari. Eigin kona hennar er Sólveig Magnea Jónsdóttir leiðsögumaður og fyrst eftir rýmingu Grindavíkur í fyrra höfðu þær til afnota hjá góðum vinum húsnæði í Auðsholti í Hrunamannahreppi – skammt frá Flúðum – og fundu sig vel á þeim slóðum. Þegar svo blasti við að ekki yrði í bráð afturkvæmt til búsetu í Grindavík segir Anna að beint hafi legið við að setja sig niður til lengri tíma í uppsveitunum á Suðurlandi. Niðurstaðan varð Laugarvatn.

### Algjör draumastaður

„Hér fengum við á viðráðanlegu verði gott einbýlishús í fallegu umhverfi niðri við vatnið. Hér höfum við fastan punkt í tilverunni, eftir umrötið sem fylgdi flóttanum úr Grindavík,“ segir Anna sem nú starfar sem leiðbeinandi í listasmíðju á Sólheimum í Grímsnesi, þar sem sinnt er kertagerð og smíðum ýmiss konar. Eigin listsköpun er þó hennar hálfá líf: að gera skúlptúra úr steini, stáli og tré.

„Þar var ég svo stálheppin að á



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Anna Sigríður Sigurjónsdóttir, til vinstri, og Sólveig Magnea. Lífið nánast leiddi þær í uppsveitirnar á Suðurlandi.

bænum Hjálmsstöðum skammt frá Laugarvatni er gamalt fjós sem hafði verið útbúið til nýrra nota. Þetta pláss, sem er algjör draumastaður, fékk ég leigt og er þar gjarnan við störf í ýmiss konar listsköpun,“ segir Anna Sigríður. Sólveig Magnea kona hennar er svo komin í vinnu hjá G. Tyrfings-syni á Selfossi og sinnir þar jöfnu höndum akstri hópferðabíla og leiðsögn.

### Félagsstarf skiptir máli

Anna Sigríður starfaði lengi í björgunarsveitinni Þorbirninum í Grindavík og er enn viðloðandi starfið þar. Hún er einnig í björgunarsveit Íslands, svo mikilvæg sem hún er. „Á Laugarvatni er björgunarsveit sem ég svona veit af en er ekki komin í starfið þar, hvað sem síðar verður. En öll svona félög skipta miklu máli á hverjum stað; starf deilda Slysavarnafélagsins hefur alltaf verið burðarás í bæjarlífinu í Grindavík. Þar er unnið að öryggismálum en svo hefur þetta líka verið frábær félagskapur. Við í Grindavíkursveitinni höldum áfram hópinn hvað sem svo verður. Mikilvægast er samt nú að horfa fram á veginn og á Laugarvatni líður okkur vel,“ segir Anna Sigríður Sigurjónsdóttir.

sbs@mbl.is



*Sendum hlýjar kveðjur til  
Grindvíkinga, heima  
og að heiman.*



VERKFRÆÐISTOFA SUÐURNESJA



REYKJANESBÆR  
Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS



SKIPASMÍÐASTÖÐ  
NJARÐVÍKUR hf.



Landsvirkjun

# Íþróttabærinn hentaði okkur

● Úr Grindavík en settust að í Þorlákshöfn ● Aðstæður eru svipaðar ● Körfuboltinn og starfið með Þór réðu miklu um val á búsetu ● Ekkert mál að sækja vinnu til Reykjavíkur ● Fyrir mestu að börnunum okkar líði vel

„Vissulega hefur tekið nokkurn tíma að ná að aðlagast nýju samfélagi og aðstæðum í Þorlákshöfn. Stóra málið er hins vegar að þarna líður börnunum okkar vel, sem er fyrir mestu, og því getum við séð fyrir okkur að vera hér í bæ eitthvað áfram,“ segir Vilhjálmur Ragnar Kristjánsson.

Þau Vilhjálmur og Erla Rut Jónsdóttir kona hans og börnin þeirra þrjú höfðu lengi búið í Grindavík þegar bærinn var rýmdur fyrir ári. Þau fengu fljótlega leigubúð í Urriðaholti í Grindavík hvar þau dvöldust fram í ágúst síðastliðinn. Gátu þá selt hús sitt við Selsvelli í Grindavík til fasteignafélagsins Þór-köttlu og fest sér hús í Þorlákshöfn.

„Loksins þegar lausn ríkisins á málum okkar Grindvíkinga kom með fasteignakaupum var hægt að taka næstu skref inn í framtíðina,“ segir Vilhjálmur. „Við Erla sáum að Þorlákshöfn væri staður sem hentaði okkur og því ákváðum við að

kaupa þar hús. Þarna hafði áhrif að íþróttaðstaðan fyrir austan er góð; börnin okkar eru öll í körfubolta og ég virkur í félagsstarfi því tengdu. Þór í Þorlákshöfn er öflugt félag sem gaman er að starfa með. Meginlínan var sú að vera í körfubolta bæ útí á landi og meira að segja var líka í myndinni að flytja á Sauðárkrök.“

## Afborganir eru hærri

Erla á allar sínar rætur í Grindavík, þangað sem Vilhjálmur, sem er frá Laugum í Þingeyjarsveit, flutti árið 2011. Hann hefur allan þann tíma sótt vinnu á höfuðborgarsvæðinu og er nú starfsmaður hjá Okkar bílaleigu. Erla Rut er heimavinnandi og ætlar að vera enn um sinn, börnunum til stuðnings meðan þau eru að fóta sig í nýjum bæ og skóla.

„Nei, að aka til vinnu í Reykjavík er ekkert mál – þótt nú sé yfir fjallveg að fara héðan að austan. Viðbrigðin við flutningana hafa helst verið að afborganir okkar af hús-



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Saman á góðri stundu Vilhjálmur Ragnar Kristjánsson og Erla Rut Jónsdóttir hér með börnunum sínum; frá vinstri Maren Síf, Elvar Freyr og Hreiðar Leó.

næðislanum og vextir eru hærri en var. Við finnum alveg fyrir því enda þurftum við að bæta svöltilu við okkur í lánnum. Þó fengum við húsið okkar í Grindavík greitt út alveg svo viðunandi væri,“ segir Vilhjálmur.

Þegar best lét áður en náttúruhamfarir fóru að skekja Grindavík bjuggu þar um 3.700 manns. Í Þorlákshöfn eru íbúar nú um 2.300 og fer fjölgandi. Um 50 kílómetrar eru milli þessara staða og aðstæður í sjávarbyggðunum báðum um margt svipaðar.

„Öflugt menningarstarf og íþróttastarf sem góð aðstaða er búin. Fólki sem kemur víða að og líflægur bragur á öllu. Já, þetta eru svipaðir staðir og okkur fjölskyldunni líður vel í Þorlákshöfn. Síðustu mánuðir hafa vissulega verið krefjandi og ýmsum Grindavíkurmálum sem stjórnvöld hafa á sínu borði þarf að ljúka sem fyrst. En þetta er allt að koma,“ segir Vilhjálmur Ragnar. [sbs@mbl.is](mailto:sbs@mbl.is)



Taugin milli Grindjana eins og bæjarbúar hafa stundum verið kallaðir er sterk, segir Magni. Hann býr í dag með fjölskyldu sinni í Reykjaneshæ.

Morgunblaðið/Árni Sæberg



Morgunblaðið/Ómar

Margs er að sakna úr þeirri Grindavík sem var og þar nefnir Magni meðal annars hátíðina Sjóarinn síkátí sem var í júníbyrjun ár hvert og sótt af mörgum

## Endurreisnin verður ævintýri

● Fluttu milli margra staða ● Búa núna í Reykjaneshæ ● Ætla aftur í Grindavík

„Auðvitað stefnum við aftur til Grindavíkur. Þar var einstakt samfélag og við ætlum að sjálfsögðu að vera þátttakendur í þeirri sögu og ævintýri sem þar verður til með endurreisn bæjarins,“ segir Magni Emilsson. Í dag búa Magni, Gréta Dögg Hjálmarisdóttir kona hans og börnin þeirra fjögur í Reykjaneshæ og hafa verið þar síðan í september síðastliðnum. Áður höfðu þau um skeið búið í Vogum, Hafnarfirði og Grafarvogi í Reykjavík en einnig dvalist um hríð í sumarhúsi í Kjós. Hlutskipti margra Grindvíkinga síðustu misseri hefur einmitt verið að þurfa að fara stað úr stað enda þótt festa sé nú að komast á búsetu flestra.

### Haldið verði í horfinu

„Þórkatla tók húsið okkar í Grindavík og þannig gátum við fest okkur eign í Keflavíkurluta Reykjaneshæjar. Þegar aðstæður leyfa ætlum við þó aftur á fyrri slóðir, enda eru þau ákvæði í samningi okkar um söluna á húsinu að við eigum forkaupsrétt komi til sölu af hálfu Þórkötlu. Því er mjög mikilvægt að fasteignafélagið haldi húsunum í horfinu; að minni háttar viðhaldi sé sinnt, grasflötin slegin og fúavarnarefni borið á tímrið á sólpallinum. Þetta gerir húsin vistlegri og væntanlega heimkomu

auðveldari,“ segir Magni, sem er málari og starfar í því fagi á höfuðborgarsvæðinu.

Fjöldi brottfluttra Grindvíkinga býr í Reykjaneshæ; margir til dæmis í fjölþýlishúsum niðri við höfnina þar sem heitir Pósthússtræti. Leiðir gamalla granna skerast því oft, svo sem í matvöruhúðinni, í skólunum og víðar.

„Já, auðvitað þekkir maður fjölda andlita hér; taugin milli Grindjana, eins og bæjarbúar hafa stundum verið kallaðir, er sterk. Enda var þetta svo einstakt samfélag og bæjarbragurinn frábær, til dæmis í tengslum við körfuboltann og bæjarhátíðina Sjóarinn síkátí í júní. Þetta kemur vonandi aftur. En svo þarf líka að rýna í og læra af ýmsum þeim mistökum sem gerð hafa verið í hamföllum síðustu ára. Almanna- varnir gengu að mínum dómi allt of langt í ýmsum ráðstöfunum við lokun bæjarins. Einnig fóru ýmsir fjölmiðlar offari og gerðu stórmál úr ýmsu sem ekkert var. Slíkt þóttu mér slæm vinnubrögð. Einnig að Þórkatla gerði þau skilyrði að fólk rýmdi íbúðirnar sínar og mátti ekkert skilja eftir, enda þótt fasteignirnar myndu standa auðar. Fyrir vikið urðu margir að henda hálfri eða jafnvel enn stærri hluta búslóðarinnar væri engar geymslur að hafa,“ segir Magni Emilsson. [sbs@mbl.is](mailto:sbs@mbl.is)

## Heimilis og gjafavara í úrvali



home & you  
Smáralind

# Morgunblaðið

MÁNUÐAGUR 13. NÓVEMBER 2023

• Stíðal 1923 • 202. útgáfa • 112. útgáfa



Samhugur einhæmni samverustund sem haldin var fyrir Grindvíkinga



Íbúar í Grindavík sátu á kvöldinu í samverustund sem haldin var fyrir Grindvíkinga. Þátturinn er sýndur á kvöldin á milli 20 og 21.000 títla á milli. (Stofnun Grindavíkinga)

## LEITA STYRKS HVERT HJÁ ÖÐRU

• Fjölmenni á samverustund fyrir íbúa Grindavíkur • Forsetinn stóltur af því að búa í samfélagi sem breiðst svo vel við óvæntni ögn • Sigdurlaug uppgötvast undir Grindavíkurkurbi • Gætt og gætt orðið á hverri stundu

Á kvöldinu 13. nóvember 2023 sátu fjölmenni íbúa Grindavíkur í samverustund sem haldin var fyrir Grindvíkinga. Forsetinn stóltur af því að búa í samfélagi sem breiðst svo vel við óvæntni ögn. Sigdurlaug uppgötvast undir Grindavíkurkurbi. Gætt og gætt orðið á hverri stundu.

# Morgunblaðið

ÞRIÐJUDAGUR 19. DESEMBER 2023

• Stíðal 1923 • 208. útgáfa • 112. útgáfa



Stór eldgos hófst í Sundhnúkkagiga í gærkvöldi. Eldegos hófst í Sundhnúkkagiga í gærkvöldi. Eldegos hófst í Sundhnúkkagiga í gærkvöldi.

## STÆRSTA ELDGOSIÐ

• Eldgos hófst við Sundhnúkkagiga • Mun stærra en fyrri gosin þrjú • Gosprungun var orðin 4 kílómetrar að lengd um miðnættið

Eldgos hófst við Sundhnúkkagiga í gærkvöldi. Eldegos hófst í Sundhnúkkagiga í gærkvöldi. Eldegos hófst í Sundhnúkkagiga í gærkvöldi.

# Morgunblaðið

MÁNUÐAGUR 15. JANÚAR 2024

• Stíðal 1923 • 212. útgáfa • 112. útgáfa



Stór eldgos hófst í Sundhnúkkagiga í gærkvöldi. Eldegos hófst í Sundhnúkkagiga í gærkvöldi. Eldegos hófst í Sundhnúkkagiga í gærkvöldi.

## SVARTUR DAGUR

• Fimmta eldgosin á Reykjanes-skaga á 3 tímum • Þrjú hús í Grindavík undir hraun og fleiri í hættu • Stjórneld heita Grindvíkingum fullum stuðningi • Húsnaðismál sett í alþjóðleg forgang • Þyrmir fyrir Grindvíkinga Taldi ósemmelegt að eldgosin stæði yfir í marga daga

ELDGIOS Í GRINDAVÍK 2. 4. 5. 6. 7. 10. 18. 20

# Morgunblaðið

ÞRIÐJUDAGUR 16. JANÚAR 2024

• Stíðal 1923 • 213. útgáfa • 112. útgáfa



ÚRSLITA-LEIKUR GEGN UNGVERJUM • HEIMSPENNYLLIR FYRIR FANTASÍUFOLK • KRÚTTÍLÁR Í BILAND VÍD KAGGA



Stór eldgos hófst í Sundhnúkkagiga í gærkvöldi. Eldegos hófst í Sundhnúkkagiga í gærkvöldi. Eldegos hófst í Sundhnúkkagiga í gærkvöldi.

## TJÓNIÐ BLASIR VIÐ

• Dreigið hefur til muna öf gosinu og líklega skammt til gosloka • Tillögur um húsnæði fyrir Grindvíkinga liggja á borði ríkisstjórnar • Samverustundir í gær og boðað til íbúafundar í Laugardalshöll

Stór eldgos hófst í Sundhnúkkagiga í gærkvöldi. Eldegos hófst í Sundhnúkkagiga í gærkvöldi. Eldegos hófst í Sundhnúkkagiga í gærkvöldi.

# Morgunblaðið

MIDVÍKUDAGUR 17. JANÚAR 2024

• Stíðal 1923 • 214. útgáfa • 112. útgáfa



ÞAD VERÐUR GESTKVENN Í PARADIS • KANNIBALIN Í BILAND VÍD KAGGA • MIKIL TÆKI-FÆRI Í VERSLUN VÍD KINA



Stór eldgos hófst í Sundhnúkkagiga í gærkvöldi. Eldegos hófst í Sundhnúkkagiga í gærkvöldi. Eldegos hófst í Sundhnúkkagiga í gærkvöldi.

## NÍSTANDI ÓVISSA

• Grindvíkingar lýstu ítrekað vonbrigðum sínum með ríkisstjórnina á íbúafundi í gærkvöldi • Búast má við miklu meira hrauni, ef lítið er til sögunnar • Ríkið á að kaupa íbúðarhúsin, segir þingmaður Sjálfstæðisflokksins

Stór eldgos hófst í Sundhnúkkagiga í gærkvöldi. Eldegos hófst í Sundhnúkkagiga í gærkvöldi. Eldegos hófst í Sundhnúkkagiga í gærkvöldi.

# Morgunblaðið

FÖSTUDAGUR 9. FEBRÚAR 2024

• Stíðal 1923 • 215. útgáfa • 112. útgáfa



Stór eldgos hófst í Sundhnúkkagiga í gærkvöldi. Eldegos hófst í Sundhnúkkagiga í gærkvöldi. Eldegos hófst í Sundhnúkkagiga í gærkvöldi.

## INNVIÐIR UNDIR HRAUN

• Sjöttu eldgosin á Reykjanes-skaga á þremur árum hófst við Sundhnúkkagiga í gærmorgun • Heitavannslaut á Suðurnesjum etfir að hraunstraumur frá gosinu rauf löggrina frá Svartsengi • Jarðskjálftaröðingur hjá Vedurstofnunni segir að landris við Svartsengi sé líklega hatfó að nýju

ELDGIOS Í GRINDAVÍK 2. 4. 5. 6. 7. 10. 18. 20

# Morgunblaðið

MÁNUÐAGUR 18. MARS 2024

• Stíðal 1923 • 216. útgáfa • 112. útgáfa



Stór eldgos hófst í Sundhnúkkagiga í gærkvöldi. Eldegos hófst í Sundhnúkkagiga í gærkvöldi. Eldegos hófst í Sundhnúkkagiga í gærkvöldi.

## KRAFTMESTA GOSIÐ

• Mjög lítblí fyrirvarir var á upphafi gosins á laugardagsskívaldi • Tvær hrauntungur mynduðust og stefndu í vestur- og suðaustur • Öttudustur í fyrstu að hraunin myndi streyma út í sjó

Stór eldgos hófst í Sundhnúkkagiga í gærkvöldi. Eldegos hófst í Sundhnúkkagiga í gærkvöldi. Eldegos hófst í Sundhnúkkagiga í gærkvöldi.

# Morgunblaðið

FIMMUDAGUR 30. MAÍ 2024

• Stíðal 1923 • 218. útgáfa • 112. útgáfa



Stór eldgos hófst í Sundhnúkkagiga í gærkvöldi. Eldegos hófst í Sundhnúkkagiga í gærkvöldi. Eldegos hófst í Sundhnúkkagiga í gærkvöldi.

## ÖFLUGASTA ELDGOSIÐ

• Áttunda eldgosin á Reykjanes-skaga á þremur árum hófst í gær og Grindavík rýmð • Eldgosin þad stærsta síðan goshrina hófst 18. desember 2023 í Sundhnúkkagiga • Sprænging við suðurenda sprungunnar er kvikinn komist í snertingu við grunnvatn

Stór eldgos hófst í Sundhnúkkagiga í gærkvöldi. Eldegos hófst í Sundhnúkkagiga í gærkvöldi. Eldegos hófst í Sundhnúkkagiga í gærkvöldi.

# Morgunblaðið

FÖSTUDAGUR 23. AGÚST 2024

• Stíðal 1923 • 219. útgáfa • 112. útgáfa



Stór eldgos hófst í Sundhnúkkagiga í gærkvöldi. Eldegos hófst í Sundhnúkkagiga í gærkvöldi. Eldegos hófst í Sundhnúkkagiga í gærkvöldi.

## NÍUNDA GOSIÐ

• Kröftugt eldgos hófst kl. 21.26 í gærkvöldi á Sundhnúkkagiga • Á svipudum slóðum og síðasta eldgosin í mai og svipad upphaf • Öflugur jarðskjálftar samfara eldgosinu, sá stærst 4.1 að stærð

ELDGIOS Í GRINDAVÍK 2. 4. 5. 6. 7. 10. 18. 20

Advertisement for Audi Q8 e-tron, featuring the car and the text 'Audi Q8 e-tron Sérverð á sýningarbilum'.

Advertisement for Hagkaup, featuring the text 'Ég kys að gera vel við mig' and 'HAGKAUP'.

# Reiknaðu innkaupin til enda!

Þú og 80.000 aðrir app-  
notendur fá lægsta verðið  
í Nettó með appinu.



Sæktu appið  
og byrjaðu  
að spara!



# nettó